



Borgarráð

Tillaga að félagsmiðstöðvarrymi fyrir Laugarnes- og Laugalækjarskóla og erindisbréf starfshóps um undirbúning framkvæmda vegna skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi

Lagt er til að borgarráð samþykki að félagsmiðstöðvarrymi fyrir Laugarnes og Laugalækjarskóla verði útfært með menningarrými og bókasafni í tengslum við stúku Laugardalslaugar.

Jafnframt eru hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um undirbúning framkvæmda vegna skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi lögð fram til kynningar.

Greinargerð:

Á fundi Borgarráðs þann 13. október 2022 var lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 6. október 2022, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 3. október 2022 á tillögu varðandi framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi, ásamt fylgiskjölum. Starfshópi þessum er ætlað að vinna að forgangsröðun og undirbúningi þeirra umfangsmiklu verkefna og framkvæmda sem framundan er.

Forsendur, sbr. samþykkt borgarráðs um sviðsmynd I:

A. Stækka Laugarnesskóla en gert verði ráð fyrir minna byggingarmagni en lýst er í forsagnarskýrslu. Gert verði ráð fyrir frístundaheimili fyrir 1. og 2. bekk og viðbyggingu við leikskólann Hof sem leiða mun til minni skólalóðar Laugarnesskóla sunnanvert.

B. Byggja við Laugalækjarskóla.

C. Byggja við Langholtsskóla og gert verði ráð fyrir samnýtingu við frístundaheimili fyrir 1. og 2. bekk og félagsmiðstöð fyrir alla nemendur Langholtsskóla.

D. Gera safnfrístund fyrir 3. og 4. bekk í Laugardalnum samnýtt Fræðsluhúsi í Fjölskyldu og húsdýragarðinum.

Frekari forsendur, sbr. samþykkt borgarráðs um undirbúning Þjóðarhallar í Laugardal:

E. Þörf fyrir íþróttakennslu verði mætt í Þjóðarhöll.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps um undirbúning framkvæmda vegna skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi, drög.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um undirbúning framkvæmda vegna skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Á fundi Borgarráðs þann 13. október 2022 var lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 6. október 2022, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 3. október 2022 á tillögu varðandi framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi, ásamt fylgiskjölum. Starfshópi þessum er ætlað að vinna að forgangsröðun og undirbúningi þeirra umfangsmiklu verkefna og framkvæmda sem framundan er.

Forsendur, sbr. samþykkt borgarráðs um sviðsmynd I:

A. Stækka Laugarnesskóla en gert verði ráð fyrir minna byggingarmagni en lýst er í forsagnarskýrslu. Gert verði ráð fyrir frístundaheimili fyrir 1. og 2. bekk og viðbyggingu við leikskólann Hof sem leiða mun til minni skólalóðar Laugarnesskóla sunnanvert.

B. Byggja við Laugalækjarskóla.

C. Byggja við Langholtsskóla og gert verði ráð fyrir samnýtingu við frístundaheimili fyrir 1. og 2. bekk og félagsmiðstöð fyrir alla nemendur Langholtsskóla.

D. Gera safnfrístund fyrir 3. og 4. bekk í Laugardalnum samnýtt Fræðsluhúsi í Fjölskyldu og húsdýragarðinum.

Frekari forsendur, sbr. samþykkt borgarráðs um undirbúning Þjóðarhallar í Laugardal:

E. Þörf fyrir íþróttakennslu verði mætt í Þjóðarhöll.

Frekari forsenda, sbr. fyrirhugaða samkeppni um Laugardalslaug og endurgerð stúku við laugina:

F. Félagsmiðstöðvarrymi fyrir Laugarnes og Laugarlækjaskóla verði útfært með menningarrymi og bókasafni í tengslum við stúku Laugardalslaugar.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að vinna að nákvæmu kostnaðarmati, forgangsröðun og undirbúningi þeirra umfangsmiklu verkefna og framkvæmda sem framundan eru.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Gera tillögur að áfangaskiptingu, forgangs röðun, tímaáætlun og fjármögnun, m.a. út frá mati á hvar brýnasta þörfin er til að hefja framkvæmdir, út frá nemendafjölda, ástandi eldra húsnæðis ofl. en einnig skynsamlegri röð framkvæmda út frá flækjustigi þeirra, raski og áhrifa á starfsemi á framkvæmdatíma.
- Tryggja hagkvæmni og samnýtingu eftir fremsta megni.
- Vinna ítarlegar kostnaðaráætlanir og samanburð á helstu valkostum varðandi röð framkvæmda og tilhögun þeirra.
- Yfirfara spár um íbúa- og nemendafjölda í ljósi uppbyggingaráforma í og við Laugardalinn.
- Gera tillögur til borgarstjóra og eftir atvikum borgarráðs um nálgun á verkefnið eftir því sem ofangreind greiningarvinna, framkvæmdaáætlanir og kostnaðaráætlanir gefa tilefni til.

Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Ámundi Brynjólfsson, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs, formaður.

Jón Valgeir Björnsson, fulltrúi eignaskrifstofu.

Ósk Soffía Valtýsdóttir, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs.

Þórdís Eik Friðþjófsdóttir, fulltrúi skóla- og frístundasviðs.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Soffía Vagnsdóttir, fulltrúi skóla- og frístundasviðs.

Soffía Pálsdóttir, fulltrúi skóla- og frístundasviðs.

Með hópnum skal starfa verkefnisstjóri.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðaraðila tillögum fyrir 1. júní 2023 og kostnaðarmetnum tillögum um einstaka þætti verkefnisins í tengslum við undirbúning fjárfestingaráætlunar eftir því sem verkefninu vindur fram.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri